

Árborg 25 febrúar 2020

### Framfaravogin 2019 – staðan og næstu skref

Niðurstöður úr Framfaravoginni 2019 voru kynntar í lok liðins árs. Samstarfsaðilar um verkefnið eru sveitarfélögin Kópavogsbær, Reykjanesbær og Svf. Árborg og Cognito ehf. (SPI á Íslandi).

Næsta verkefni Árborgar er að kynna verkefnið og niðurstöðurnar. Í framhaldinu er æskilegt að hafin verði vinna með starfsfólki og íbúum þar sem sett yrðu markmið með hliðsjón af þeim mælikvörðum og niðurstöðum sem nú liggja fyrir. Við setningu markmiða mætti horfa til þeirra þátta þar sem ná mætti sem mestum árangri, með sem hagkvæmustum hætti, í samfélagslegum framförum fyrir sveitarfélagið.

Á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaganna með Cognito er svo framundan að slípa enn frekar til þá mælikvarða sem verið er að nota. Í þeirri vinnu, líkt og á síðasta ári, er áherslan lögð á að velja mælikvarða sem gefa gagnlegar upplýsingar fyrir sveitarfélögin og nýtast til að fylgjast með félagslegri framþróun. Tölulegar upplýsingar þarf helst að vera hægt að nálgast í opinberum gagnagrunnum þannig að ekki þurfi að vinna þær sérstaklega og einnig er lagt upp úr því að þær séu eins nýlegar og hægt er og alls ekki eldri en 3ja ára gamlar.

Ætlunin er að fá fleiri sveitarfélög að borðinu og jafnvel aðra opinbera aðila þannig að kostnaður og vinna deilist á fleiri og stuðningur við verkefnið verði almennari.

Framfaravogin byggir á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og er því mikilvægt tæki sveitarfélaga til að vinna að þeim markmiðum. Það má auðveldlega tengja þetta verkefni við Heilsueflandi samfélag sem Árborg er aðili að og einnig byggir á Heimsmarkmiðunum.

Nauðsynlegt er að taka ákvörðun um framhaldið en sá samningur sem bæjarstjórn Árborgar samþykkti fyrir ári síðan er nú útrunninn.

Virðingarfyllst,

---

Gísli Halldór Halldórsson  
Bæjarstjóri